



Textavinnsla með PDP11 tölvu

Ásmundur Jakobsson

Greinargerð ÁJ-80/01

Textavinnsla með PDP11 tölvu

Stýrikerfum PDP-11 tölvanna fylgir forrit, sem nefnist Editor og er gert til þess að slá inn texta, sem getur verið forrit, gögn til úrvinnslu eða skýrslutexti. Þessi texti er með hjálp Editors skráður út á seguldiska eða segulplötur og skipt niður í skrár samkvæmt fyrir sögn notandans. Í RSX-11M tekur Editor forritið 16 kilobyte. Hver bókstafur í texta tekur eitt byte á disk þannig að 10 Megabyte diskur geymir 10 milljón stafi. Stýrikerfinu fylgir annað forrit, sem heitir PIP. Með því má sækja texta í diskaskrá og skrifa hann orðrétt út á ritvél, skjá eða prentvél. Með þessum tveimur kerfisforritum Editor og PIP, sem til eru á nær öllum PDP11 tölvum má því skrifa skýrslur og sendibréf í diskaskrár, leiðrétta og breyta textanum á disk og prenta síðan þegar menn eru ánægðir með hann. Til þess að spara þeim vinnu, sem slær textanum inn hafa verið skrifuð ýmis forrit, sem raða orðunum upp í línur á þann hátt að útskriftin hefur beinar spássíur hægra og vinstra megin enda þótt línur í frumskránni séu mislangar.

Gallinn við íslenska kommu er sá að hún tekur eitt byte í skrá, þ.e.a.s. kommustafur tekur tvö byte í skrá en eitt sæti í útskrift. Ef notuð eru erlend textavinnsluforrit stýttast því þær línur, sem geyma kommustafi um jafnmörg bil og kommustafirnar eru margir. Einar Júlíusson á Raunvísindastofnun hefur skrifað textavinnsluforrit, sem tekur tillit til íslenskrar kommu. Þetta forrit er lítið og segir hann að ef það væri bútað niður mætti keyra það í 16 kilobyte minni. Forrit Einars er skrifað í FORTRAN. Væri vissulega æskilegt að einhver væri fenginn til þess að umrita fyrir íslenskar aðstæður textavinnsluforritið RUNOFF frá DECUS, sem er skrifað í MACRO og býður fleiri valkosti en forrit Einars.

Til þess að nota PDP-11 tölvu til textavinnslu þarf auk forritanna eftirtalinn vélbúnað.

1. Ritvél, sem skrifar vandað letur.
2. Skjái með íslenskum stöfum og íslenzku lykilborði fyrir vélritunarfólkið.

1980-04-15

3. Diskarými til að geyma textann.

1. Qume tölvuprentvélin prentar letur, sem er svipað að gæðum og það sem skrifað er með IBM kúluritvélum. Hún prentar 45 stafi á sekúndu. Hún kostar ef ekki er á henni lykilborð 2,7 Mkr. og fylgir þá eitt íslenzkt stafahjól. Nýtt íslenzkt stafahjól kostar 340 kkr. Til að stöðva færslu prentausss samfara kommu þarf að kaupa einingu sem kostar 245 kkr.

2. BEEHIVE MICRO BEE DM1S tölvuskjáiur með íslenzkum stöfum kosta í dag um 1,5 Mkr.

3. Aukin alhliða notkun tölvunnar krefst aukins diskarýmis til skammtímageymslu á vinnuskram. Þessi þörf mun aukast hratt þó ekki komi til textavinnslu í tölvu en hún mun að sjálfsögðu auka þann hraða. Ódýrustu viðbótardiskadrif kosta um 3,5 Mkr. en auðvelt að eyða 10-20 Mkr. í stækkun.